

Álit

um tillögu til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Kristjánsdóttur og Hildi J. Júlíusdóttur frá Fjármálaeftirlitinu.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem falið verði að gera úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði og að gera tillögur um hvernig styrkja megi stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum. Nefndin taki til skoðunar við þá vinnu nánar tiltekin atriði sem um er getið í tillögutextanum, þ.m.t. hvar vista eigi málaflokkinn innan stjórnsýslunnar og tilhögun neytendamála í nágrannalöndum. Í greinargerð kemur fram að hinn almenna skuldavanda sem reis í kjölfar hrunsins megi að einhverju leyti rekja til ónógs eftirlits opinberra aðila og bágrar réttarstöðu skuldara gagnvart fjármálafyrirtækjum. Þá er lagt til að nefndin verði skipuð fulltrúum þriggja ráðuneyta sem nú eiga aðkomu að málaflokknum sem og fulltrúum frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Neytendasamtökunum. Áhersla er lögð á að nefndin eigi gott samstarf við opinbera aðila og hagsmunasamtök sem hafa látið sig málaflokkinn varða. Þar er þó ekki minnst á Fjármálaeftirlitið.

Fram kom á fundum nefndarinnar að hlutverk Fjármálaeftirlitsins beindist að því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi væri í samræmi við opinberar reglur og að því leyti stæði stofnunin vörð um almannahagsmunum. Í tengslum við ágreiningsmál einkaréttarlegs eðlis milli neytenda og eftirlitsskyldra aðila fælist hlutverk eftirlitsins fyrst og fremst í leiðbeiningum um þær leiðir sem til boða standi innan stjórnsýslunnar til að fá úr þeim ágreiningi skorið. Fulltrúar stofnunarinnar töldu eftir sem áður að kvartanir neytenda gæfu mikilvæga innsýn í starfsemi fjármálafyrirtækja sem auðvelldaði störf stofnunarinnar.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins er bent á að þeir opinberu aðilar sem sinna neytendavernd á fjármálamarkaði heyri undir mismunandi ráðuneyti og að fullt tilefni sé til að skoða hvort fella eigi málaflokkinn undir verksvið einnar stofnunar. Í því sambandi er vísað til skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um stöðu neytendamála á Íslandi frá apríl 2008 sem unnin var að beiðni Viðskiptaráðuneytisins. Á bls. 119 – 123 er sérstök umfjöllun um þá aðila sem vinna að neytendamálum á Íslandi.

Fjármálaeftirlitið lýsir í umsögn sinni yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna en telur að við vinnu nefndarinnar sé mikilvægt að huga að stöðu neytenda gagnvart fyrirtækjum á fjármálamarkaði í stað þess að einskorða hana við stöðu þeirra gagnvart fjármálafyrirtækjum sem er einungis ein tegund fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Nefndin styður framgang málsins en leggur til að orðalagi tillögunnar verði breytt til samræmis við ábendingu Fjármálaeftirlitsins:

Í stað orðsins „fjármálafyrirtækjum“ í 1. másl. og 2. másl. og „fjármálafyrirtækja“ í 2. másl. komi: fyrirtækjum á fjármálamarkaði, og: fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Skúli Helgason og Magnús Orri Schram voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Margrét Tryggvadóttir áheyrnarfulltrúi styður álitid.

Alþingi, 24. nóvember 2011.
Helgi Hjörvar, form.,
Þráinn Bertelsson,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Tryggvi Þór Herbertsson,
Lilja Mósesdóttir,
Eygló Harðardóttir.